



Dalapósturinn

3. tölublað, 6. árgangur
11. mars 2013

Framhaldsdeild í Dölum

Kynningarfundur um framhaldsskóladeild / dreifnám í Dalabyggð verður haldinn í félagsheimilinu Dalabúð miðvikudaginn 13. mars kl. 17.

Dagskrá

1. Vinnuhópur Dalabyggðar um framhaldsskóladeild kynnur tildrög og stöðu málsins.
2. Kolfinna Jóhannesdóttir skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar fer yfir mögulega starfsemi deildarinnar og hugsanlega tengingu við Menntaskóla Borgarfjarðar.
3. Rakel Runólfsdóttir umsjónarmaður dreifnáms Fjölbrautaskóla Norðulands vestra á Hvammstanga kynnur hvernig til hefur tekist með uppbygginguna þar.
4. Framhaldsskólanemar á Hvammstanga segja frá því hvernig er að vera nemandi í dreifnámi.
5. Umræður og fyrirspurnir

Fundurinn er opin öllum íbúum Dalabyggðar og öðrum áhugasömum. Boðið verður upp á súpu.

Ábyrgðarmaður: Sveinn Pálsson, sveitarstjóri.
Dalabyggð, Miðbraut 11, 370 Búðardalur

Jörfagleði 2013

Jörfagleði verður haldin hátíðleg dagana 25.-28. apríl n.k. Undirbúningur gleðinnar er hafinn og er dagskráin óðum að taka á sig mynd.

Sérstök Jörfagleðinefnd hefur verið skipuð og auglýsir hún hér með eftir skemmtilegum viðburðum fyrir hátíðina.

Allir þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í hátíðinni með einum eða öðrum hætti eru vinsamlegast beðnir um að snúa sér til nefndarmanna. Jörfagleði er hátíð fólksins og þess vegna leggur nefndin áherslu á það að allir eru velkomnir til leiks, eins og alltaf.

Meðal atriða sem eru í undirbúningi er smáhlutasýning. Allir þeir sem safna hlutum af einhverju tagi eru hvattir til að hafa samband við einhvern nefndarmanna.

Nefndina skipa:

Kristján Garðarsson, efrimuli@simnet.is

Ásdís Melsted, asdiskm@simnet.is

Valdís Gunnarsdóttir, valaislandia@hotmail.com

Héraðsbókasafn Dalasýslu

Héraðsbókasafnið er opið á þriðjudögum kl. 15-19 og á fimmtudögum kl. 13-16.

Endurvinnslustöðin

Endurvinnslustöðin í Búðardal er opin á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 15-18 og á laugardögum kl. 11-14.